

Reykjavík, 17. maí 2019

Brot fjárfestingarsjóðs í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf. gegn 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011

Fjármálaeftirlitinu barst tilkynning frá Júpíter rekstrarfélagi hf. þann 11. desember 2018 þess efnis að fjárfestingarsjóður í rekstri félagsins hefði farið út fyrir fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði þann 10. desember 2018. Í 5. mgr. fyrrgreinds lagaákvæðis er tiltekið að fjárfestingarsjóðum sé heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum en fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði megi ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs. Brotið varð vegna mistaka við skráningu fjárfestingarinnar í heimildaskjal áður en viðskiptin voru framkvæmd.

Júpíter rekstrarfélag hf. gerði þegar ráðstafanir til úrbóta og var sjóðurinn því innan heimilda samkvæmt lögum nr. 128/2011 degi eftir að brot átti sér stað.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að umræddur sjóður hefði gerst brotlegur við 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 með því hafa fjárfest í sama fjárfestingarsjóði umfram 20% af eignum sínum. Júpíter rekstrarfélag hf. gerði ráðstafanir til að tryggja að brotið yrði ekki endurtekið.

Með hliðsjón af atvikum málsins taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að beita Júpíter rekstrarfélag hf. viðurlögum í málinu.